

Alþingi, b.t. utanríkismálanefndar
nefndasvið@althingi.is

**Umsögn um mál 716, frumvarp til laga um utanríkisþjónustu Íslands
(skipun embættismanna o.fl.)**

Undirrituð hefur mótttekið erindi nefndasviðs Alþingis í formi tölvupósts, dags. 3. júní 2020, þar sem leitað er umsagnar undirritaðrar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, 716. mál.

Tvenns konar athugasemdir eru gerðar í tilefni af erindinu: hin fyrri lýtur að erindinu sjálfu, en hin seinni að frumvarpinu.

Í erindi nefndasviðs Alþingis kemur fram að ef viðtakandi erindisins kemur ekki á framfæri athugasemdum ("ef engar athugasemdir eru"), þurfi ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis. Svo virðist sem túlka megi þetta orðalag á þann veg að ef ekki berist umsögn frá tilteknum viðtakanda erindisins, verði litið svo á að hann/hún hafi engar athugasemdir við það. Sé það rétt túlkun, er framsetning bréfitara gagnrýniverð að dómi undirritaðrar. Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því að sendiherra kjósi ekki að rita undir nafni sérstaka umsögn um frumvarpið í boði nefndasviðs Alþingis. Hagsmunaráð starfsmanna utanríkisþjónustunnar hefur t.a.m. komið á framfæri við utanríkismálanefnd athugasemdum við frumvarpið fyrir hönd allra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, þ. á m. sendiherra. Svári sendiherra ekki boði nefndasviðs um umsögn undir nafni, hlýtur að verða að líta svo á að sendiherrann deili þeim sjónarmiðum sem fram koma í athugasemdunum, hafi hann ekki tekið annað fram. Einnig þarf að hafa það í huga að sendiherra kunni að líta svo á að hann sé ekki í aðstöðu, stöðu sinnar vegna, til að tjá sig opinskátt undir nafni um innihald frumvarpsins. Bregðist sendiherra ekki við boði nefndasviðs Alþingis um að senda því umsögn um frumvarpið, ber því ekki sjálfkrafa að líta svo á að hann hafi engar athugasemdir við það.

Til viðbótar, er sú athugasemd gerð við erindi nefndasviðs að svo virðist, ef marka má vefsíðu Alþingis (umsagnarbeiðnir nr. 11205), sem það hafi einungis verið sent hluta sendiherra í þjónustu ríkisins en ekki þeim öllum.

Hvað varðar frumvarpið sjálft, tekur undirrituð undir margt af því sem fram kemur í álit hagsmunaráðs starfsmanna utanríkisþjónustunnar, en álituð er þess eðlis að þar kunna einstakir starfsmenn að hafa viljað tjá sig á annan hátt en þar er gert um einstök atriði. Undirrituð tekur ekki undir sjónarmið um að utanríkisráðherra láni út titil sendiherra til starfsmanna sem ekki hafa hlotið skipun sendiherra, þrátt fyrir að lög mæli fyrir um að slíkt sé heimilt í afmörkuðum tilvikum. Einn starfandi sendiherra hefur ennfremur komið á framfæri við utanríkismálanefnd athugasemdum við efni frumvarpsins sem undirrituð tekur undir.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Davíðsdóttir,
Sendiherra Íslands í Osló